



Reykjavík 28. febrúar 2023

202302-0071 GBH/JHJ

Alþingi allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til tónlistarlaga – þingmál 542

Þann 9. febrúar 2023 gekk ofangreint frumvarp til allsherjar- og menntamálanefndar og voru umsagnarbeiðnir sendar þann 13. s.m. Ríkisendurskoðun fékk ekki senda umsagnarbeiðni en telur rétt að koma eftirfarandi á framfæri.

Í 9. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Sinfóníuhljómsveit Íslands skuli gera efnahags- og rekstrarreikning og senda hann Ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

Þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands er aðili í A-hluta ríkissjóðs telur Ríkisendurskoðun slíkt ákvæði óþarft enda kemur skýrt fram í 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga hvert starfssvið ríkisendurskoðanda er og fellur endurskoðun á ársreikningum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar undir.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Björgvin Helgason
(rafræn undirritun)

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir
(rafræn undirritun)